# ÁRSSKÝRSLA VR 2003-2004

**Verzlunarmannafélag Reykjavíkur**

Umbrot/prentun: Oddi
2004

# EFNISYFIRLIT


**Félagið í hnotskurn** 4
- Lykiltölur 4
- Samantekt á starfseminni 5
- Stjórn VR 5

**Kjarasamningar 2004** 6
- Undirbúningur kjarasamninga 6
- Kröfur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna gagnvart Samtökum atvinnulífsins. 6
- Kröfur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna gagnvart Samtökum verslunarinnar FÍS. 7
- Kröfur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna gagnvart Samtökum atvinnulífsins vegna launa og sérkjarasamninga. 9
- Kröfur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna gagnvart Samtökum verslunar-innar FÍS vegna launa. 9

**Kjaramál** 10
- Kjarasamningar 10
- Rannsóknir og kannanir 10
- Kjara- og innheimtumál á skrifstofunni 10

**Fræðsla** 11
- Námskeið og fyrirlestrar 11
- Önnur námskeið og fræðsla 11
- Námskeið fyrir trúnaðarmenn 11
- Fræðslustefna 11
- Önnur verkefni 11
- Styrkir til félagsmanna 11
- Styrkir vegna fræðslu og menningarmála 11
- Stjórnir fræðslumála 11

**Heilbrigðismál** 12
- Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði 12
- Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2003-2004 13

**Orlofsmál** 14
- Orlofshús árið 2003 14
- Nýting orlofshúsa og vagna 2003 14
- Orlofsávísanir 14
- Tjaldvagnar 14
- Skammtímaleiga 15
- Spánn 15
- Stóri-Kambur 15
- Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2003-2004 15

**Atvinnuleysisbætur** 16
- Úthlutun atvinnuleysisbóta 16
- Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta nr. 2 16

**Samskipti og fundir** 17
- Fundir 17
- Erlend samskipti 17

**Almennar upplýsingar** 18
- Þjónustuver 18
- Félagsmál 18
- Mannfagnaðir 18
- Útgáfu- og kynningarmál 18
- Aðild að stofnunum 19
- Félagatal 19
- Félagsgjöld 19
- Skipulag skrifstofu 19
- Starfsmenn 19
- Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2003 20
- Trúnaðarmenn á vinnustöðum 21

**Efnisyfirlit ársreiknings** 22
- Áritun stjórnar 23
- Áritun endurskoðenda 23
- Áritun Skoðunarmanna 23
- Rekstrarreikningur 24
- Efnahagsreikningur 26
- Sjóðstreymi 30
- Skýringar með ársreikningi 31

## Lykiltölur

**Almenn starfsemi og þjónusta – samanburður milli ára**

| Fjöldi félagsmanna | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| Atvinnuleysisbætur | 2.842 | 2.408 | 1.277 |
| Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn | 1.461 | 1.157 | 1.183 |
| Starfsmennta- og tómstundastyrkir | 2.540 | 2.399 | 2.033 |
| Námskeið á vegum VR | 1.028 | 1.235 | 1.063 |
| Sjúkrasjóður | 8.292 | 7.348 | 7.625 |
| Orlofshús og tjaldvagnar | 2.667 | 2.542 | 2.107 |
| Orlofsávísanir (nýttar í annað en orlofshús VR) | 4.249 | 2.204 | |
| Morgunverðarfundir | 800 | 750 | |
| **Samtals** | **23.879** | **20.043** | **15.288** |

**Fjöldi félagsmanna – samanburður milli ára**




**Önnur samskipti 2003**

| | Meðaltal á mánuði | Árið 2003 |
|---|---|---|
| Símtöl til félagsins | 9.722 | 116.664 |
| Heimsóknir á www.vr.is | 7.667 | 92.004 |
| Upplag VR blaðsins, m.v. 8 tbl. | 22.500 | |

| Ársreikningur 2003 | |
|---|---|
| Félagsgjöld | 454.802.361 |
| Sjúkrasjóðsiðgjöld | 451.379.368 |
| Orlofssjóðsiðgjöld | 109.956.962 |
| Aðrar tekjur | 88.898.045 |
| **Samtals tekjur** | **1.105.036.736** |
| | |
| Bætur og styrkir | 374.912.200 |
| Rekstrargjöld | 683.296.256 |
| **Samtals gjöld, bætur og styrkir** | **1.058.208.456** |
| | |
| **Fjármagnsliðir** | **379.424.646** |
| | |
| **Hreinar tekjur til ráðstöfunar** | **426.252.926** |

## Samantekt á starfseminni

Undirbúningur kjarasamninga setti svip sinn á árið 2003 en samningar félagsins voru lausir um mánaðamót febrúar-mars 2004. M.a. var gerð könnun meðal félagsmanna á áherslum í samningum og leiddi hún í ljós vilja til að leggja meginþungann á hækkun launa. Haldnir voru fundir með starfsmönnum sem starfa samkvæmt sérkjarasamningum sem og með verslunarmannafélögum utan félagssvæðis VR en félagið vann kröfugerðir sínar í samvinnu við LÍV, Landssamband íslenzkra verzlunarmanna. Kröfur félagsins voru kynntar félagsmönnum í bæklingi sem þeim var sendur og var honum fylgt á eftir með viðhorfskönnun. Níu af hverjum tíu lýstu yfir ánægju með þær. Kröfur félagsins eru birtar í heild sinni á bls. 6-9. Þegar skýrslan fór í prentun höfðu samningar ekki náðst en góður gangur var í viðræðunum.

Félagsmönnum VR hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Fullgildir félagsmenn undir lok árs 2003 voru yfir 20 þúsund talsins og hafði fjölgað um tæplega 3% frá árinu áður. Til samanburðar má nefna að fjölgun fullgildra félagsmenn er nær 50% frá árinu 1996. Að sama skapi hefur þjónusta við félagsmenn aukist að umfangi á síðustu árum, félagsmenn sóttu þjónustu til félagsins í tæplega 24 þúsund skipti á árinu 2003 sem er 19% aukning frá árinu áður. Sem dæmi má nefna að kjaramálum til meðferðar fjölgaði um 26% á milli ára, 18% fleiri félagsmenn fengu greiddar atvinnuleysisbætur, 12% fleiri fengu greiðslur úr Sjúkrasjóði og ríflega 90% aukning var í nýtingu orlofsávísana. Tæplega 117 þúsund símtöl bárust til félagsins á árinu og 90 þúsund heimsóttu heimasíðu þess. Sjá nánar á bls. 4.

Á árinu var samþykkt sameining VR og Verslunarmannafélags Akraness en félögin hafa verið í nánu samstarfi í tvö ár. Þá skrifuðu VR og Félag viðskipta- og hagfræðinga undir samstarfssamning á árinu. Samþykktar hafa verið breytingar á skipulagi skrifstofu VR og verður þjónustusviði skipt í tvö svið; svið sérfræðinga kjaramála og þjónustusvið. Þessar breytingar koma til framkvæmda á vormánuðum 2004.

## Stjórn VR

Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur var þannig skipuð starfsárið 2003–2004:

Gunnar Páll Pálsson, formaður
Stefanía Magnúsdóttir, varaformaður
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, ritari

Benedikt Vilhjálmsson
Bjarndís Lárusdóttir
Edda Kjartansdóttir
Gunnar Böðvarsson
Kolbeinn Sigurjónsson
Kristín Sigurðardóttir
Rannveig Sigurðardóttir
Sigrún Baldursdóttir
Sigurður Sigfússon
Steinar J. Kristjánsson
Valdís Haraldsdóttir
Valur M. Valtýsson

**Varamenn:**
Jón Magnússon
Margrét Torfadóttir
Þorlákur Jóhannsson

Kjarasamningur VR og Samtaka verslunarinnar – FÍS var laus 29. febrúar 2004 og kjarasamningur VR og Samtaka atvinnulífsins 1. mars 2004.

## Undirbúningur kjarasamninga

Undirbúningur vegna endurskoðunar kjarasamninga hófst fyrir rúmu ári, á nýársfundi 2003 með stjórn, trúnarráði og trúnaðarmönnum. Á fundinum kom fram eindreginn vilji til þess að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið þar sem áhersla er lögð á efnahagslegan stöðugleika og kaupmáttaraukningu. Kjarasamningar félagsins voru teknir til endurskoðunar og að þeirri vinnu komu stjórn, starfsmenn kjaramáladeildar og sérfræðingar auk lögmanns VR.

Gerð var könnun meðal félagsmanna haustið 2003 um áherslur félagsins í samningum. Sex af hverjum tíu sögðust vilja að megináhersla yrði lögð á hækkun launa og annar hver lýsti yfir ánægju með áherslu VR á markaðslaun. Félagið stóð fyrir fundaherferð síðla árs 2003 vegna sérkjarasamninga og voru haldnir fundir með starfsmönnum Baugs, Kaupáss, Samkaupa, apóteka, söluturna, gestamóttöku, kvikmyndahúsa og Flugleiða. Kröfurgerðir félagsins voru unnar í samvinnu við LÍV og voru m.a. haldnir fundir með fulltrúum verslunarmannafélaga utan félagssvæðis VR, þ.e. í Borgarnesi, Vestmannaeyjum, á Selfossi, Þórshöfn, Sauðárkróki, Siglufirði, Akureyri, Húsavík og Egilsstöðum. Haldnir voru 10 fundir með trúnaðarmönnum á árinu þar sem áherslur í kjarasamningum voru ræddar og gerð var könnun meðal þeirra. Fulltrúar félagsins kynntu sér kjarasamninga og áherslur verslunarmannafélaga í nágrannalöndunum, s.s. Danmörku, Svíþjóð, Englandi og Bandaríkjunum (sjá nánar Erlend samskipti).

Í upphafi árs 2004 var félagsmönnum sendur bæklingur þar sem áherslurnar voru kynntar og gerð var viðhorfskönnun meðal þeirra á nýjan leik. Niðurstöður hennar voru kynntar á nýársfundi verslunarmanna um miðjan janúar. Níu af hverjum tíu félagsmönnum voru ánægðir með áherslurnar og töldu þeir mestu skipta að endurskoða veikindaréttinn og að launahækkanir samrýmdust markmiðum um efnahagslegan stöðugleika.

Kröfugerðir voru lagðar var fram um miðjan desember 2003 og kynntar á nýársfundinum. Þær eru birtar í heild hér ásamt kröfum vegna launa og sérkjarasamninga.

### Kröfur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna gagnvart Samtökum atvinnulífsins

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Landssamband íslenzkra verzlunarmanna leggja við gerð nýs kjarasamnings áherslu á að tryggja áfram þann stöðugleika sem skapast hefur og að verðbólgu verði haldið í skefjum.

Stefnt verði að því að auka lífsgæði fólks með þeim hætti að starfskjör verði viðunandi fyrir hóflegan vinnutíma og atvinnuöryggi verði aukið.

Tryggð verði áframhaldandi kaupmáttaraukning launafólks auk þess sem hugað verði sérstaklega að stöðu þeirra sem taka laun eftir launatöxtum samningsins.

Samningstími verði fjögur ár með fyrirvara um að samningar náist um sérstaka hækkun lágmarkslauna, almennar launahækkanir og tryggingaákvæði. Að öðrum kosti verði samið til skemmri tíma.

**Laun**

- Laun taki almennum hækkunum auk þess sem lögð verði áhersla á hækkun lægstu launa með sérstakri hækkun launataxta. Launakröfur verða nánar skilgreindar í janúar 2004.
- Launþegum verði gefið valfrelsi um það með hvaða fyrirkomulagi þeir nýta umsamda launahækkun. Hver einstakur starfsmaður geti árlega valið hvort umsamin launahækkun komi öll til útborgunar sem laun eða fari að hluta í aukið orlof eða viðbótar séreignarlífeyrissparnað.
- Staðfest verði að launataxtar kjarasamnings séu lágmarkskjör og að almennt verði tekið mið af launakönnunum við ákvörðun launa.
- Tryggt verði að starfsmenn fái samningsbundin viðtöl um störf sín og starfskjör og að niðurstaða úr þeim liggi fyrir innan ákveðins tíma. Samningsaðilar setji á stofn úrskurðarnefnd sem bregðist við vanefndum í þessum efnum.
- Texti um yfirvinnu og greiðslur á almennum frídögum og stórhátíðardögum verði skýrður.
- Samningsákvæði vegna hlutastarfa verði endurskoðuð í samræmi við lög.
- Ákvæði um ráðningarsamninga verði endurskoðuð og m.a. bætt við ákvæði um að tilgreina skuli sérstaklega hámark yfirvinnustunda í samningum um föst laun.

**Vinnutími**

- Starfsfólki verslana verði tryggður lágmarksfjöldi fríhelga (föstudagskvöld til mánudagsmorguns) á ákveðnu viðmiðunartímabili.
- Eingöngu verði kveðið á um virkan vinnutíma.

- Starfsmenn, sem ferðast á vegum fyrirtækis innanlands og utan, fái ferðatíma greiddan auk þess að þeir öðlist rétt til frídaga á móti þeim helgum sem varið er á ferðalögum erlendis á vegum vinnuveitanda, án skerðingar launa.
- Greiðslur fyrir bakvaktir á almennum frídögum og stórhátíðardögum taki mið af yfirvinnu- og stórhátíðarálagi. Sett verði inn skýrari ákvæði um greiðslu fyrir þá vinnu sem viðkomandi sinnir á bakvakt.
- Starfsmenn, sem verða fyrir ónæði utan vinnutíma að frumkvæði vinnuveitanda, fái greitt fyrir slík tilvik.
- Ákvæði, sem heimilar að með skriflegu samkomulagi geti atvinnurekandi og starfsmaður skipulagt vinnutíma á ársgrundvelli með tilliti til helga, orlofs og frídaga.

**Atvinnuöryggi**

- Uppsagnarfrestur starfsmanna með langan starfsaldur verði aukinn.
- Almennur uppsagnarfrestur lengist fari atvinnuleysi á viðkomandi félagssvæði umfram skilgreind mörk.

**Lífeyrismál, tryggingar, veikindaréttur o.fl.**

- Lífeyrisréttindi starfsmanna verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að samræma þau lífeyrisréttindum í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.
- Stofnað verði til sérstaks sparnaðarfyrirkomulags sem starfsmenn geti valið að láta hluta launa sinna renna til og sem atvinnurekendur greiði mótframlag til af launum hvers starfsmanns. Inneign í sjóðnum verði séreign hvers starfsmanns sem hann getur tekið út lendi hann í langvarandi atvinnuleysi eða fari í nám. Nýti hann það ekki þá bætist það við séreignarlífeyrissparnað hans.
- Endurskoðuð verði ákvæði um tryggingar launþega.
- Vinnuslysaréttur verði greiddur með sambærilegum hætti og annar veikindaréttur skv. kjarasamningi aðila, þ.e. miðað verði við föst og reglubundin laun starfsmanns.
- Í veikindatilfellum barna verði greidd föst og reglubundin laun starfsmanns.
- Endurskoðuð verði ákvæði samningsins um aðbúnað og hollustuhætti með það að markmiði að bæta öryggi starfsmanna í verslunum og til samræmingar nýjum lögum.
- Skoðuð verði ákvæði um trúnaðarlækna vinnuveitanda og greiðslufyrirkomulag vegna læknisvottorða.
- Veikindaréttur launþega í orlofi erlendis verði með sama hætti og innanlands.

**Fræðslumál**

- Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks verði tryggður óbreyttur rekstrargrundvöllur.
- Greitt verði að fullu fyrir námskeið sem sótt eru að ósk vinnuveitanda utan daglegs vinnutíma.

**Annað:**

- Samið verði um rétt launþega með langan starfsaldur til að minnka starfshlutfall sitt síðustu ár áður en eftirlaunaaldri er náð, án skerðingar launa.
- Skoðuð verði réttindaávinnsla foreldra í fæðingarorlofi.
- Ákvæði um ráðningarsamninga verði endurskoðuð.
- Endurskoðuð verði ákvæði um trúnaðarmenn á vinnustöðum.
- Félagslega kjörnum fulltrúum stéttarfélaga verði tryggður réttur til þátttöku í starfsemi stéttarfélags síns, s.s. kjarasamningsgerð.
- Landssamband ísl. verzlunarmanna fái beina aðkomu að viðræðum um virkjanasamninginn.
- Allir sérkjarasamningar verði endurskoðaðir með sérstakri áherslu á launataxta og vinnutíma. Starfsfólk kvikmyndahúsa fái sérstaka hækkun.
- Samninganefndin áskilur sér rétt til að leggja fram nýjar og/eða breyttar kröfur, ef aðstæður breytast.
- Verslunarmenn eru í samvinnu við önnur aðildarsambönd ASÍ að vinna að kröfum á stjórnvöld vegna lífeyris- og velferðarmála sem ætlunin er að ná niðurstöðu í áður en gengið er frá samningum.

Lagt fram 17. desember 2003.

**Kröfur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna gagnvart Samtökum verslunarinnar FÍS**

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Landssamband íslenzkra verzlunarmanna leggja við gerð nýs kjarasamnings áherslu á að tryggja áfram þann stöðugleika sem skapast hefur og að verðbólgu verði haldið í skefjum.

Stefnt verði að því að auka lífsgæði fólks með þeim hætti að starfskjör verði viðunandi fyrir hóflegan vinnutíma og atvinnuöryggi verði aukið.

Tryggð verði áframhaldandi kaupmáttaraukning launafólks auk þess sem hugað verði sérstaklega að stöðu þeirra sem taka laun eftir lágmarkslaunum samningsins.

Samningstími verði fjögur ár með fyrirvara um að samningar náist um sérstaka hækkun lágmarkslauna, almennar launahækkanir og tryggingaákvæði. Að öðrum kosti verði samið til skemmri tíma.

**Laun**

- Laun taki almennum árlegum hækkunum auk þess sem lögð verði áhersla á hækkun lágmarkslauna. Launakröfur verða nánar skilgreindar í janúar 2004.
- Launþegum verði gefið valfrelsi um það með hvaða fyrirkomulagi þeir nýta umsamda launahækkun. Hver einstakur starfsmaður geti árlega valið hvort umsamin launahækkun komi öll til útborgunar sem laun eða fari að hluta í aukið orlof eða viðbótar séreignarlífeyrissparnað.
- Staðfest verði að launataxtar kjarasamnings séu lágmarkskjör og að almennt verði tekið mið af launakönnunum við ákvörðun launa.
- Tryggt verði að starfsmenn fái samningsbundin viðtöl um störf sín og starfskjör og að niðurstaða úr þeim liggi fyrir innan ákveðins tíma. Samningsaðilar setji á stofn úrskurðarnefnd sem bregðist við vanefndum í þessum efnum.
- Texti um yfirvinnu og greiðslur á almennum frídögum og stórhátíðardögum verði skýrður.
- Samningsákvæði vegna hlutastarfa verði endurskoðuð í samræmi við lög.

**Vinnutími**

- Starfsfólki verslana verði tryggður lágmarksfjöldi fríhelga (föstudagskvöld til mánudagsmorguns) á ákveðnu viðmiðunartímabili.
- Starfsmenn, sem ferðast á vegum fyrirtækis innanlands og utan, fái ferðatíma greiddan auk þess að þeir öðlist rétt til frídaga á móti þeim helgum sem varið er á ferðalögum erlendis á vegum vinnuveitanda, án skerðingar launa.
- Greiðslur fyrir bakvaktir á almennum frídögum og stórhátíðardögum taki mið af yfirvinnu- og stórhátíðarálagi. Sett verði inn skýrari ákvæði um greiðslu fyrir þá vinnu, sem viðkomandi sinnir á bakvakt.
- Starfsmenn, sem verða fyrir ónæði utan vinnutíma að frumkvæði vinnuveitanda, fái greitt fyrir slík tilvik.
- Ákvæði sem heimilar að með skriflegu samkomulagi geti atvinnurekandi og starfsmaður skipulagt vinnutíma á ársgrundvelli með tilliti til helga, orlofs og frídaga.

**Atvinnuöryggi**

- Uppsagnarfrestur starfsmanna með langan starfsaldur verði aukinn.
- Almennur uppsagnarfrestur lengist fari atvinnuleysi á viðkomandi félagssvæði umfram skilgreind mörk.

**Lífeyrismál, tryggingar, veikindaréttur o.fl.**

- Lífeyrisréttindi starfsmanna verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að samræma þau lífeyrisréttindum í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.
- Stofnað verði til sérstaks sparnaðarfyrirkomulags sem starfsmenn geti valið að láta hluta launa sinna renna til og sem atvinnurekendur greiði mótframlag til af launum hvers starfsmanns. Inneign í sjóðnum verði séreign hvers starfsmanns, sem hann getur tekið út lendi hann í langvarandi atvinnuleysi eða fari í nám. Nýti hann það ekki þá bætist það við séreignarlífeyrissparnað hans.
- Endurskoðuð verði ákvæði um tryggingar launþega.
- Í veikindatilfellum barna verði greidd föst og reglubundin laun starfsmanns.
- Endurskoðuð verði ákvæði samningsins um aðbúnað og hollustuhætti með það að markmiði að bæta öryggi starfsmanna í verslunum og til samræmingar nýjum lögum.
- Skoðuð verði ákvæði um trúnaðarlækna vinnuveitanda og greiðslufyrirkomulag vegna læknisvottorða.
- Veikindaréttur launþega í orlofi erlendis verði með sama hætti og innanlands.

**Fræðslumál**

- Starfsmenntasjóði verslunarinnar verði tryggður óbreyttur rekstrargrundvöllur.
- Greitt verði að fullu fyrir námskeið sem sótt eru að ósk vinnuveitanda utan daglegs vinnutíma.

**Annað:**

- Samið verði um rétt launþega með langan starfsaldur til að minnka starfshlutfall sitt síðustu ár áður en eftirlaunaaldri er náð, án skerðingar launa.
- Skoðuð verði réttindaávinnsla foreldra í fæðingarorlofi.
- Ákvæði um ráðningarsamninga verði endurskoðuð.
- Endurskoðuð verði ákvæði um trúnaðarmenn á vinnustöðum.
- Félagslega kjörnum fulltrúum stéttarfélaga verði tryggður réttur til þátttöku í starfsemi stéttarfélags síns, s.s. kjarasamningsgerð.
- Samninganefndin áskilur sér rétt til að leggja fram nýjar og/eða breyttar kröfur, ef aðstæður breytast.
- Verslunarmenn eru í samvinnu við önnur aðildarsambönd ASÍ að vinna að kröfum á stjórnvöld vegna lífeyris- og velferðarmála, sem ætlunin er að ná niðurstöðu í áður en gengið er frá samningum.

Lagt fram 18. desember 2003.

## Kröfur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna gagnvart Samtökum atvinnulífsins vegna launa og sérkjarasamninga

**Laun**
Almennar launahækkanir miðað við 4ra ára samning verði:

2004; 5% – 2005; 5% – 2006; 4% – 2007; 4%.

Launatöxtum verði fækkað í tvo:

- Byrjunarlaunataxta sem miðast við 18 ára aldur.
- Grunnlaunataxta sem gildi fyrir 24ra ára og eldri og/eða þá sem hafa starfað 3 ár eða lengur í starfsgreininni.

16 og 17 ára unglingar taki áfram laun í hlutfalli af taxta fyrir 18 ára.

Vegna aukins álags verði laun deildarstjóra í verslunum að lágmarki 15% hærri en laun almenns afgreiðslufólks.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf í lok 4ra ára samningstímabils verði kr. 130.000 og launataxtar hækki í samræmi við hækkun þeirra.

Orlofs- og desemberuppbætur hækki í samræmi við almennar launahækkanir.

**Sérkjarasamningar Baugs, Kaupáss og Samkaupa:**
Launatöflur taki sambærilegum hækkunum og almennir launataxtar afgreiðslufólks.

Vinna umfram 170 stundir á mánuði greiðist með tímakaupi sem nemur 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi starfsmanns.

**Sérákvæði vegna 10-11:**
Bætt verði inn grein, sem kveður á um að þeir starfsmenn sem vinna minna en 35% vinnutímans í dagvinnu taki laun samkvæmt næsta starfsaldursþrepi í launataxta.

**Sérkjarasamningur vegna starfsfólks í söluturnum og söluskálum:**
Ræddir verði kostir þess að gera svipaðan samning og gildir fyrir verslanir 10-11 en laun taki að lágmarki sambærilegum hækkunum og almennir launataxtar afgreiðslufólks.

**Sérkjarasamningur fyrir kvikmyndahús:**
Launatöflur taki sambærilegum hækkunum og almennir launataxtar afgreiðslufólks en auk þess komi til sérstök leiðrétting vegna síðustu kjarasamninga.

Starfsfólk sem sinnir uppgjörum, miðasölu og dyravörslu taki laun samkvæmt launataxta fyrir vaktstjóra.

**Sérkjarasamningur fyrir apótek:**
Launatöflur taki sambærilegum hækkunum og almennir launataxtar afgreiðslufólks.

Defectricer taki laun samkvæmt launatöflu fyrir lyfjatækna.

Sæki lyfjatæknar endurmenntunarnámskeið hækki laun þeirra um:

kr. 5.000, þegar 40 kennslustundum er náð,
kr. 5.000, þegar 80 kennslustundum er náð,
kr. 5.000, þegar 150 kennslustundum er náð.

Vegna aukins álags verði laun lyfjatækna sem hafa umsjón með lyfjaútibúum að lágmarki 15% hærri en almenn laun lyfjatækna.

**Sérkjarasamningur vegna starfsfólks í farskrárdeild og á söluskrifstofum Flugleiða:**
Launataxtar verði færðir að greiddum launum og laun hækki um sama hlutfall og aðrir launataxtar.

Gerðar verði starfslýsingar.

Sett verði inn sérstök ákvæði vegna greiðslu fyrir bakvaktir.

**Sérkjarasamningur vegna starfsfólks í gestamóttökum:**
Launatöflur taki sambærilegum hækkunum og almennir launataxtar.

Lagt fram 29. janúar 2004.

## Kröfur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna gagnvart Samtökum verslunarinnar FÍS vegna launa

**Laun**
Almennar launahækkanir miðað við 4ra ára samning verði:

2004; 5% – 2005; 5% – 2006; 4% – 2007; 4%.

Í lok samningstímans verði lágmarkslaun kr. 130.000, lágmarkslaun 16 ára og yngri kr. 117.000 og 17 ára kr. 123.500.

Vegna aukins álags verði laun deildarstjóra í verslunum að lágmarki 15% hærri en lágmarkslaun.

Desemberuppbót 2004 verði kr. 60.000, 2005 kr. 63.500, 2006 kr. 66.000 og 2007 kr. 68.500.

Lagt fram 30. janúar 2004.

## Kjarasamningar

Gerður var kjarasamningur við Íslenska útvarpsfélagið hf. og Sýn hf. þann 29. janúar 2003 og gildir hann til 31. október 2004.

Gerður var kjarasamningur við Neyðarlínuna hf. þann 14. mars 2003 og gilti hann til 29. febrúar 2004. Samningurinn byggir á nýju vaktavinnuskipulagi, Time Care, og er þetta í fyrsta sinn sem VR gerir slíkan samning.

Gerður var kjarasamningur milli VR og Samtaka atvinnulífsins vegna Árvakurs hf. vegna starfsmanna sem vinna við blaðaútburð þann 9. apríl 2003.

Nokkrir fundir voru haldnir með forsvarsmönnum Fréttablaðsins á árinu með það fyrir augum að ná kjarasamningi fyrir starfsmenn sem vinna við blaðaútburð. Samningar hafa enn sem komið er ekki náðst.

## Rannsóknir og kannanir

**Launakönnun 2003** var kynnt í september. Launamunur kynjanna minnkaði á milli kannana og var 14% árið 2003 að teknu tilliti til þeirra þátta sem máli skipta fyrir laun. Meðalheildarlaun félagsmanna voru 259 þúsund á mánuði.

**Fyrirtæki ársins 2003** voru valin Háskólinn í Reykjavík í flokki stærri fyrirtækja með 50 eða fleiri félagsmenn VR og Melabúðin í flokki smærri fyrirtækja. Þetta er annað árið í röð sem Háskólinn í Reykjavík ber sigur úr býtum.

Í **neyslukönnun** Gallup í mars 2003 kom fram að VR félögum fannst þeirra stéttarfélag standa sig betur en öðrum en VR fékk 4,0 í einkunn af 5 mögulegum.

VR leitaði eftir áliti **Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands** á stjórnarsetu fulltrúa VR í Lífeyrissjóði verzlunarmanna og félögum í hans eigu. Niðurstaðan var sú að það gæti haft áhrif á trúverðugleika formanns félagsins að sitja í stjórnum fyrirtækja. Formaður VR benti á að ef formenn verkalýðsfélaga gæfu ekki kost á sér til setu í stjórnum fyrirtækja væru þau í raun að gefa atvinnurekendum eftir að skipa þær.

VR, Efling og Starfsmenntaráð leituðu til **Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands** til að vinna skýrslu um menntareikninga en VR og Efling settu fram kröfur um menntareikninga í kjarasamningum. Menntareikningar eru eignasöfnunar-reikningar þar sem starfsfólk leggur fyrir hlutfall af launum í sjóð og við bætist framlag vinnuveitenda.

## Kjara- og innheimtumál á skrifstofunni

Mesta álagið í kjaramáladeild árið 2003 sem endra nær var í túlkun kjarasamninga og ráðgjöf auk innheimtu á launakröfum. Innheimta launakrafna hefur aukist á síðustu árum eða úr 500 málum árið 1998 í tæplega 1.500 mál árið 2003. Hafa ber í huga að margir urðu fyrir launamissi þegar Útgáfufélagið DV ehf. var úrskurðað gjaldþrota í nóvember 2003. Í því máli voru kröfulýsingar fyrir 430 einstaklinga og er þetta fjölmennasta gjaldþrot sem félagið hefur staðið frammi fyrir.

Gjaldþrotamálum hefur fjölgað ár frá ári. Árið 2003 voru það fyrirtæki í upplýsinga- og tæknigeira, fjölmiðlun, líkamsrækt og ferðaþjónustu sem tekin voru til gjaldþrotaskipta. Á árinu komu mörg mál sem varða uppsagnir til kasta kjaramáladeildar. Aukning hefur verið á uppsögnum á þunguðum konum og foreldrum í fæðingarorlofi en auk þessa voru uppsagnir á árinu sem falla undir hópuppsagnir og lög sem þær varða. Jafnréttis-, eineltis- og persónuverndarmál jukust líka að umfangi á árinu og flókin mál komu upp vegna nýrra laga um aðilaskipti að fyrirtækum. Með þeim lögum er verið að færa rétt í ríkari mæli en áður til þess aðila sem yfirtekur rekstur fyrirtækis. Nokkur mál eru í vinnslu hjá lögmanni félagsins vegna þessara nýju laga.

Dómsmálum hefur fjölgað og fóru á annað hundrað mál fyrir dómstóla á árinu og féllu þau að stærstum hluta VR í hag. Ber einkum að nefna tvö mál. Annað fjallaði um brot gegn jafnréttislögum og er fyrsta mál hér á landi svo vitað er þar sem fjallað er um jafnrétti í tengslum við ráðningu í stöðu hjá einkafyrirtæki. Niðurstaða dómsins var sú að viðkomandi fyrirtæki hafi brotið jafnréttislög með því að ganga framhjá konu við ráðningu í starf og var það dæmt til greiðslu bóta. Síðara málið snerist um uppsögn á ófrískri konu og réttarstöðu hennar á reynslutíma, þ.e. starfstími hennar var skemmri en þrír mánuðir. Samkvæmt niðurstöðu dómsins er óheimilt að segja upp barnshafandi konu nema gildar ástæður séu fyrir hendi og staðfestir dómurinn að sönnunarbyrðin hvíli á vinnuveitanda hvað það varðar. Ekki þótti dómnum að sýnt hefði verið fram á gildar ástæður í málinu og voru launþeganum dæmdar bætur fram að fæðingu barns, auk uppsagnarfrests eftir að fæðingarorlofi lauk.

## Námskeið og fyrirlestrar

Veturinn 2003-2004 voru haldin námskeið og fyrirlestrar á vegum VR fyrir félagsmenn þeim að kostnaðarlausu í 51 skipti. Mest var eftirspurn í námskeið um samskipti og framkomu auk þess sem færri komust að en vildu í námskeið um réttindi og skyldur á vinnumarkaði sem haldið var fyrir starfsfólk í starfsmannahaldi. VR tók upp á þeirri nýbreytni að bjóða upp á námskeið sérstaklega fyrir karlmenn en áður hefur félagið boðið upp á námskeið fyrir konur eingöngu. Eftirtalin námskeið voru haldin:

Að semja um launin – Stjórnendanámskeið – Hvernig vinnum við leikinn? – Er líf eftir vinnu? – Framkomunámskeið – Sjálfstraust og samskipti – Ertu á réttri leið? – Réttindi og skyldur – Mismunandi heimar kynjanna Starfslokanámskeið – Geðrækt – leið að betri líðan

Eftirtaldir fyrirlestrar voru haldnir:

Að rýna til gagns – Geðveiki á vinnustað – Tengslanet sem leið til að ná árangri – Skapandi hugsun – Valdið er mitt ... og þó – Er ég góður vinnufélagi?

Um eitt þúsund félagsmenn sóttu fræðslu á vegum félagsins á árinu 2003.

**Önnur námskeið og fræðsla**

Um 600 manns sóttu netnámskeið um starfsmannaviðtalið á heimasíðu VR, www.vr.is, og 39 nýttu sér starfs- og námsráðgjöf árið 2003.
Veturinn 2003-2004 bauð VR áfram upp á kynningu á réttindum og skyldum á vinnumarkaði fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum og sóttu hana 1.627 nemendur frá 28 skólum. Þá var nemendum Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands og Tækniháskólans boðið á námskeiðið **Að stíga skrefið – úr háskóla út á vinnumarkaðinn** og sóttu það um 100 nemendur. Svipaður fjöldi nemenda úr nokkrum deildum Háskóla Íslands sótti fyrirlestra VR um sama málefni. Áframhaldandi samstarf var við Vinnuskóla Reykjavíkur á árinu.

**Námskeið fyrir trúnaðarmenn**

Haldin voru þrjú hefðbundin námskeið fyrir trúnaðarmenn en að auki var þeim boðið á sérstakt námskeið um streitu og áhrifavalda hennar. Liggur nærri að helmingur trúnaðarmanna félagsins hafi sótt það námskeið.

**Fræðslustefna**

Lokið var við endurskoðun á fræðslustefnu félagsins.

**Önnur verkefni**

Eins og undanfarin ár tók VR þátt í framadögum háskólanna í mars. Lokaverkefnastyrk VR í ár hlaut Hildur Friðriksdóttir fyrir rannsókn um álag á einstaklinga, annarsvegar út frá vinnuumhverfi og hins vegar álagi í fjölskyldulífi, m.t.t. samspils fjölskyldulífs og atvinnu.

## Styrkir til félagsmanna

Á árinu 2003 voru greiddir út 2.540 styrkir úr starfsmenntasjóðunum vegna náms hjá um 260 skólum og stofnunum að upphæð kr. 63.252.958. Mest var ásókn félagsmanna í nám hjá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík.

| **Styrkir vegna fræðslu og menningarmála** | |
|---|---|
| Fræðslustyrkir til félagsmanna VR, alls 2.540 félagsmenn | 63.252.958 |
| Styrkir vegna fræðslu- og menningarmála | 737.680 |
| **Samtals** | **63.990.638** |

## Stjórnir fræðslumála

Í **framkvæmdastjórn fræðslusjóðs VR** sitja Rannveig Sigurðardóttir formaður, Bjarndís Lárusdóttir, Edda Kjartansdóttir, Sigrún Baldursdóttir og Sigurður Sigfússon.

Í stjórn **Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks** sitja Sigurður Jónsson formaður (SA), Hafsteinn Jóh. Hannesson ritari (VR), Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (VR), Júnía Þorkelsdóttir (LÍV), Gunnar Ingi Sigurðsson (SA) og Anna Rós Ívarsdóttir (SA).

Í stjórn **Starfsmenntasjóðs verslunarinnar** sitja Stefán S. Guðjónsson formaður (SV-FÍS), Hafsteinn Jóh. Hannesson (VR), Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (VR) og Halldór Páll Gíslason (SV-FÍS).

## Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði

Varðandi tekjur árið 2003 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

### a) Sjúkra- og dagpeningar

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| Dagpeningar vegna veikinda | 507 | 236.958.975 |
| Dagpeningar vegna áfengisvanda | 41 | 6.308.324 |
| Dagpeningar vegna veikinda barna | 27 | 4.080.495 |
| Dagpeningar vegna maka | 1 | 371.091 |
| **Sjúkra- og slysadagpeningar samtals** | **576** | **247.718.885** |

(2002, samtals fjöldi 547, kr. 215.938.593)

### b) Dánarbætur

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| Líftryggingar félagsmanna undir 70 ára | 28 | 23.890.000 |
| Dánarbætur félagsmanna eldri en 70 ára | 33 | 8.890.000 |
| **Dánarbætur samtals** | **61** | **32.780.000** |

(2002, fjöldi bótaþega 45, kr. 26.660.000)

### c) Slysabætur

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| Örorkubætur | 9 | 4.260.871 |
| **Slysabætur samtals** | **9** | **4.260.871** |

(2002, fjöldi bótaþega 6, kr. 3.018.556)

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| **Bætur samtals** | **646** | **284.759.756** |

(2002, fjöldi bótaþega 598, kr. 245.617.149)

### Styrkir til sjóðfélaga

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| Heilsuræktarnámskeið | 4.083 | 46.855.997 |
| Sjúkraþjálfun | 969 | 8.661.189 |
| Krabbameinsskoðun | 1.048 | 1.258.480 |
| Gleraugu | 1.442 | 20.478.645 |
| Hjarta- og lungnastöðin og Hjartavernd | 77 | 290.271 |
| Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði | 23 | 392.776 |
| Glasafrjóvgun | 85 | 6.651.000 |
| Hjálpar- og heyrnatæki | 60 | 451.146 |
| Líf-, sjúkdóma- og slysatrygging | 501 | 5.186.777 |
| Aðrir styrkir | 4 | 595.500 |
| **Styrkir til sjóðfélaga samtals** | **8.292** | **90.821.781** |

(2002, fjöldi styrkþega 7.348, kr. 71.078.449)

| | | |
|---|---|---|
| **Bætur og styrkir til félagsmanna 2003 samtals** | **8.938** | **375.581.537** |

(2002, fjöldi bóta- og styrkþega 7.946, kr. 316.695.598)

| | Upphæð kr. |
| --- | --- |
| **Endurtrygging** | **(669.337)** |
| **Bætur og styrkir úr Sjúkrasjóði samtals** | **374.912.200** |
| (2002, kr. 316.505.939) | |
| **Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka 2003 samtals** | **2.076.425** |
| (2002, kr. 2.697.715) | |

## Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2003-2004

Gunnar Páll Pálsson, formaður
Stefanía Magnúsdóttir
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Rannveig Sigurðardóttir
Kolbeinn Sigurjónsson

**Varamenn:**
Edda Kjartansdóttir
Benedikt Vilhjálmsson

## Orlofshús árið 2003

Á árinu 2003 var 41 orlofshús og íbúðir ásamt 37 tjaldvögnum í eigu VR. Sjá töflu hér að neðan með upplýsingum um staðsetningu húsanna. Á árinu tók félagið á leigu nokkur hús og endurleigði til félagsmanna eins og verið hefur undanfarin ár. Nýting yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í þeim húsum sem hafa heita potta auk þess sem íbúðrnar á Akureyri eru vinsælar á þeim árstíma.

## Nýting orlofshúsa og vagna 2003

| Sumar | Vetur<br>Fjölskyldur | Samtals<br>Fjölskyldur | Fjölskyldur |
|---|---|---|---|
| Akureyri (5) | 119 | 106 | 225 |
| Einarsstaðir (2)* | 42 | 2 | 44 |
| Flúðir (3) | 60 | 176 | 236 |
| Húsafell (3) | 61 | 99 | 160 |
| Kirkjubæjarklaustur (2) | 46 | 36 | 82 |
| Miðhúsaskógur (21)** | 438 | 637 | 1075 |
| Stykkishólmur (1) | 18 | 30 | 48 |
| Skyggnisskógur (1) | 20 | 23 | 43 |
| Stóri-Kambur (2) | 35 | 36 | 71 |
| Ölfusborgir (1)* | 18 | 149 | 167 |
| Tjaldvagnar (37) | 274 | 0 | 274 |

**Félagið tók á leigu eftirtalin hús sumarið 2003:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Einarsstaðir (2) | 24 | 0 | 24 |
| Úlfsstaðaskógur (2) | 16 | 0 | 16 |
| Bakki í Vatnsdal (3) | 29 | 0 | 29 |
| Vestmannaeyjar (2) | 23 | 0 | 23 |
| Súðavík | 8 | 0 | 8 |
| Gerðhamrar | 12 | 0 | 12 |
| Varmahlíð (2) | 34 | 36 | 70 |
| Spánn (10) | 60 | 0 | 60 |
| **Samtals 2003** | **1.337** | **1.330** | **2.667** |
| (Samtals 2002 | 1.283 | 1.259 | 2.542) |

* Hús í Ölfusborgum og á Einarsstöðum eru leigð út á vegum rekstrarfélagana yfir vetrarmánuðina. VR félagar hafa aðgang að byggðunum á félagsafslætti og geta þá fleiri verið en fjöldi húsa VR gefur til kynna.
** Eitt hús í Miðhúsaskógi er umsjónarhús og geymsla.

## Orlofsávísanir

Sendar voru orlofsávísanir að upphæð kr. 5.000 til félagsmanna í janúar 2003. Alls nýttu 6.220 félagsmenn sér ávísunina en þar af var 1.971 sem notaði hana til greiðslu orlofshúsa eða tjaldvagna hjá félaginu. Á árinu 2003 voru samningar við ferðaþjónustuaðila orðnir alls 18 talsins.

## Tjaldvagnar

Samþykkt var að leitað yrði eftir tilboðum í leigu á tjaldvögnum fyrir árið 2004. Alls bárust þrjú tilboð og var ákveðið að semja við Tjaldvagna ehf.

## Skammtímaleiga

Sumarið 2003 voru 10 hús og íbúðir í skammtímaleigu (1-4 dagar) og var hægt að bóka hús einn mánuð fram í tímann. Var reglan fyrstur kemur fyrstur fær, óháð punktastöðu félagsmanns. Reyndist þetta vel og verður haldið áfram á sömu braut.

## Spánn

Sumarið 2003 voru leigð 10 hús af leiguaðila á Spáni til áframhaldandi leigu til félagsmanna. Samþykkt var leita tilboða í gistingu og flug til Spánar fyrir árið 2004. Tilboð bárust frá flestum starfandi ferðaskrifstofum og var samið við Sumarferðir um leigu á 20 íbúðum og flugi til Spánar.

## Stóri-Kambur

Ákveðið var á haustmánuðum að kanna vilja félagsmanna til að sækja um lóðir í landi Stóra–Kambs á Snæfellsnesi. Sú könnun stendur enn yfir.

## Stjórn Orlofssjóðs VR starfsárið 2003-2004

Benedikt Vilhjálmsson, formaður
Bjarndís Lárusdóttir, varaformaður
Valur M Valtýsson
Steinar J Kristjánsson
Sigrún Baldursdóttir
Sigurður Sigfússon
Gunnar Böðvarsson

**Varamenn:**
Margrét Torfadóttir
Valdís Haraldsdóttir

# ATVINNULEYSISBÆTUR

## Úthlutun atvinnuleysisbóta

Skrifstofa VR annast úthlutun og greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta nr. 2 fyrir höfuðborgarsvæðið. Nýr þjónustusamningur milli VR og Atvinnuleysistryggingasjóðs var undirritaður þann 12. nóvember 2003 eftir að fyrri samningi hafði verið sagt upp af hálfu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Samningurinn er í flestu eins og sá eldri nema hvað varðar útreikning á þóknun og gildistíma.

Nefndin heldur fundi hálfsmánaðarlega og fer yfir allar nýjar umsóknir og úrskurðar um gildi þeirra. Um er að ræða umsóknir frá félagsmönnum VR og 72 annarra félaga og samtaka. Öll vinna sem lýtur að útreikningum og bótarétti umsækjenda ásamt útborgun atvinnuleysisbóta, sem fer fram hálfsmánaðarlega, er unnin á skrifstofu VR.

**Fjöldi sem fékk greiddar bætur - öll félög**

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Konur | 2.333 | 2.023 |
| Karlar | 2.046 | 1.633 |
| **Samtals** | **4.379** | **3.656** |

**Fjöldi félagsmanna VR sem fékk greiddar bætur**

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Konur | 1.685 | 1.495 |
| Karlar | 1.157 | 913 |
| **Samtals** | **2.842** | **2.408** |

**Bótagreiðslur**

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Greiddar bætur, öll félög | 1.432.258.960 | 1.030.872.350 |
| Greiddar bætur til VR félaga | 920.136.927 | 578.994.663 |

